

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 139/1432
komudagur 22.2.2011



Reykjavík 21. febrúar 2011

Umsögn um jafnréttisáætlun, 334. mál.

Landssamtökin Þroskahjálpi þakka fyrir að fá til umsagnar tillögu til þingsályktunar um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára.

Samtökin telja brýnt að gerðar séu slíkar áætlanir og telja að umrædd áætlun eigi að vera fyrirmynd að gerð sambærilegra aðgerðaáætlana varðandi aðra hópa sem búa við misrétti t.d. fatlað fólk.

Landssamtökin Þroskahjálpi vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Í formálsorðum Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks staflíð **Q** stendur: (Ríkin sem eiga aðild að samningi þessum) „sem viðurkenna að fatlaðar konur og stúlkur eru oft í meiri hættu innan heimilis sem utan að verða þolendur ofbeldis, meiðsla eða misþyrminga, hirðuleysi eða vanrækslu, illrar meðferðar eða misnotkunar í gróðaskyni“ (hafa orðið ásátt um eftirfarandi)...

Í staflíð **S** stendur ennfremur:

(Ríkin sem eiga aðild að samningi þessum) „sem leggja áherslu á nauðsyn þess að tekið sé mið af kynjasjónarmiðum í þeirri viðleitni að stuðla að því að fatlaðir njóti mannréttinda og mannfrelsis til fulls“ (hafa orðið ásátt um eftirfarandi)...

Landssamtökin Þroskahjálpi telja fyllstu ástæðu til að könnuð verði sérstaklega staða þeirra kvenna/stúlkna sem búa við fötlun og tilheyra þannig tveimur „minnihlutahópum“. Samtökin hafa haft áhyggjur af kynferðislegri misnotkun þessa hóps og m.a. í samræði við fleiri staðið að fræðslu og útgáfu fræðsluefnis um áhættuþætti.

Samtökin vilja einnig benda á mæður fatlaðra barna búa oft við skert tækifæri til þátttöku á atvinnumarkaði vegna takmarkaðrar þjónustu við börn þeirra. Sama gildir einnig um möguleika á að stunda nám og aðra samfélagsþátttöku. Kynjuð fjárlög eiga m.a. að taka mið af þessari staðreynd.


Einnig hafa samtökin bent á að hugmyndir um skerðingu bótaflokka sem tengjast umönnun fatlaðra barna bitna sérstaklega á konum þar sem mæður eru um 90% þeirra sem njóta slíkra greiðslna. Sjá staðtölur Tryggingastofnunar Ríkisins.


Full ástæða er til að fjalla sérstaklega um stöðu fatlaðra kvenna/stúlkna og mæður fatlaðra einstaklinga í þingsályktunartillögu um jafnréttismál sbr. skyldur stjórnvalda skv. Samningi SP um réttindi fatlaðs fólks og þeirrar stöðu sem fjölskyldur fatlaðra búa við í íslensku samfélagi.

Að lokum vilja Landssamtökin Þroskahjálpi benda á að á bls. 48 í skýrslunni þar sem gerð er grein fyrir þátttakendum í Progress verkefni Evrópusambandsins stendur „Þroskahjálpi Íslands“. Hið rétta er að Landssamtökin Þroskahjálpi tóku þátt í umræddu verkefni.

Virðingarfyllt

f.h. Landssamtakanna Þroskahjálpar


Gerður A. Árnadóttir, formaður


Friðrik Sigurðsson, fránkvæmdastjóri